

Fundur stjórnar ÆSKP 5. Júlí 2017 í Neskirkju

Mætt: Hjalti Jón, Guðmundur Karl, Katrín Helga Ágústsdóttir, Eva Björk og Jónína Sif

Smá hugleiðingar varðandi gaypride

Hjalti heyrði aðeins í Siggu og hún er búin að benda á hana Myrru Það sem Myrra hafði gert var að mæla ljósastaurana og svo hafði þetta verið framkv. þannig að hluti af graffinu átti að vera á breiðari part ljósastaurans og hluti á mjórri partinum. Þannig tollir það betur og það þarf að vera þétt á staurnum svo það lafi ekki. Hún hafði haft band til þess að miða við. Sigga benti líka á að við gætum náttúrulega haft allt frekar á mjórri endanum ef við vildum frekar, kannski auðveldara í framkvæmd.

Það sem þarf að gera þá er:

- Annars vegar að gera uppskrift að ljósastaurunum.
- Hinsvegar að skapa uppskriftina að prjónagraff-krossinum?

Aðalspurningin er líka þessi: hvernig getum við virkjað fólk?

Það gæti nú jafnvel verið meira en nóg ef allir myndu auglýsa á feisbúkk hjá sér. En það gæti verið mjög gaman að framkvæma þetta á þann hátt sem við töluðum um - að virkja kirkjuna sameiginlega.

Það sem ég sé fyrir mér er að við annað hvort:

a) - Gerum frétt, þar sem verkefnið er útskýrt í grófum dráttum, uppskrift uppgefin, auglýst eftir áhugasömum prjónurum? Spurningin er hvort við myndum vilja hafa það alveg opinbert-opinbert, eða hvort við myndum vilja að leita í innviði kirkjunnar, starfsfólk, presta, sjálfbóðaliðastarf

b) - Það voru líka uppi góðar hugmyndir um að fjárfesta kannski í góðgerðarhóp, eins og tengt Hringnum t.d., sem myndi taka að sér verkefnið og við myndum borga. Það væri líka mjög elegant dæmi og svolítil dýnamík í því.

Annars vegar er þælingin að gera ljósastaur/a vel prjónagraffaða og hinsvegar að hafa prjónagraff-kross. Jónína var þar alveg komin á skrið með útsetningu. Hugsid ykkur skær prjónaður kross - hversu nett?!

Það sem ég fer að hugsa um með kirkjuna og prjónið og gay pride er líka svolítið þetta hvernig gamalgrónar hefðir geti mætt nýjum aðstæðum.

Að vera ömmu- og afafaðmur, gamalgróinn, hlýr og umfangandi, óháð öllu.

Ef þið þekkið einhvern geggjaðan prjónara sem hægt væri að komist í samband við sem væri alveg með útsetningaratriði öll á tæru, endilega látið mig vita!